

20. september 2011

Fundur nr. 63

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 20. september 2011 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Kristján Árnason, Heiða Elísdóttir, Sandra Helgadóttir og Sigríður Vigdís Þórðardóttir framkvæmdarstjóri.

1. Málefni meistaraflokks

Marteinn Ægisson mætti á fundinn til að ræða málefni meistaraflokksins og fór m.a. yfir fjárhagsáætlun flokksins og hvernig hann hyggst afla fjár til þess að meistaraflokkurinn geti starfað. Markmiðið er að efla meistaraflokkinn og koma honum í góðan farveg. Marteinn mælti einnig með að gott væri að fá einn aðila úr aðalstjórn Þróttar með sér í lið í einskona stjórn meistaraflokksins. Eftir að Marteinn yfirgaf fundarherbergið fór stjórnin yfir þessi mál og var ákveðið að gefa Marteinni svar sem allra fyrst.

2. Breytingar á æfingatöflu

Æfingataflan er bókuð í tvígang, sumstaðar í þrígang, og einnig vantar inn 2. og 3. flokk inn á töfluna. Eitthvað hefur farið úrskeiðis við röðun æfinga á tímatöfluna og var framkvæmdastjóra falið að fara yfir töfluna og koma henni í lag.

3. Önnur mál.

Snerta ætlar að fara yfir tölvuna sem er í eigu Þróttar, þrifa hana að innan, stækka minnið o.fl. Vinnan við þetta verður stirkur til Þróttar.

Framkvæmdastjóra var falið að láta prenta nýjan bækling sem fyrst þar sem að ýmsar vitleysur voru í bæklingnum sem var prentaður út fyrir stuttu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 21:00